

Leiga á sölum í Hörpu

Salur	Verð m/ vsk.
Eldborg	1.578.000 kr.
Miðast við að allir inngangar séu mannaðir einum þjónustufulltrúa.	
Silfurberg	525.000 kr.
Miðast við einn inngang og einn þjónustufulltrúa. 27.800 kr. bætast við aukalega fyrir þjónustufulltrúa ef gestir fara yfir 400.	
Silfurberg – 1/2 salur	290.000 kr.
Miðast við einn inngang og einn þjónustufulltrúa.	
Norðurljós	377.500 kr.
Miðast við einn inngang og einn þjónustufulltrúa. 27.800 kr. bætast við aukalega fyrir þjónustufulltrúa ef gestir fara yfir 300.	
Kaldalón	155.000 kr.
Miðast við einn inngang og einn þjónustufulltrúa.	

Verð fylgja vísitöluhækkunum á milli ára.
Staðfestingargjald til að tryggja bókun er 20% af samningsupphæð.

Salur	Í sæti	Standandi
Eldborg		
• Órafmagnað	<1.655*
• Rafmagnað	<1.509
Silfurberg		
• Órafmagnað/rafmagnað	<820	<1.300
Norðurljós		
• Órafmagnað/rafmagnað	<520	<650
Kaldalón		
• Órafmagnað/rafmagnað	<195/160*

*Breytilegur fjöldi sæta eftir stærð sviðs og umfangi viðburða. Tölurnar í töflunni eru hámark.

Tímaviðmið og álagsákvæði

Hefðbundinn leigutími er frá kl. 11 til 23 á tónleikadegi. Greitt er aukalega fyrir tíma utan þessa tímaramma. Leiguverðið miðast við stakan viðburð. Fyrir endurtekinn viðburð samdægurs er reiknað viðbótarálag (sjá nánar í upplýsingaskjölum um hvern sal).

Starfsfólk

Viðskipta- og verkefnastjóri Hörpu

Er tengiliður viðburðarhaldara við húsið. Viðskiptastjóri gerir samning og hefur milligöngu í samskiptum við mismunandi deildir hússins. Þegar viðburður nálgast tengir hann viðburðarhaldara við verkefnastjóra á tæknisviði sem þarfagreinar og tekur við umsjón viðburðar.

Öryggisgæsla

Í húsinu er hefðbundin öryggisgæsla. Þarfnist viðburður viðbótaröryggisgæslu er greitt fyrir hana sérstaklega.

Sviðsstjóri

Sviðsstjóri fylgir salarleigu á leigutíma. Krefjist viðburður fleiri sviðsmanna er greitt fyrir þá sérstaklega.

Þjónustufulltrúar

Þjónustufulltrúar fylgja salarleigu á viðburði.

Ljósamenn

Ljósamaður skal ávallt vera bókaður ef breytingar eða hreyfingar á ljósum þurfa að eiga sér stað á viðburði.

Tæknimenn

Vinna tæknimanna er ekki innifalin í salarleigu. Harpa býður upp á tæknipjónustu á ýmsum sviðum sem greitt er fyrir sérstaklega. Greiða þarf fyrir vinnu tæknimanna á viðburðum og fyrir uppsetningu og niðurtækt á búnaði. Starfsmenn hússins sjá alltaf um að setja upp ljósabúnað, monitora og mixera, myndbúnað, leggja snúrur og setja upp hljóðnema. Viðburðarhaldarar eiga þess kost að koma með sína eigin tæknimenn, sviðsmenn, video, hljóð- og ljósamenn, með samþykki hússins. Fyrir hvern slíkan mann þarf að greiða fyrir yfirsetu tæknimanns Hörpu.

Hljóðmenn

Gera skal ráð fyrir einum eða fleiri hljóðmönnum þegar hljóðkerfis og uppmögnunar er krafist á viðburði.

Myndtæknimenn

Gera skal ráð fyrir myndtæknimanni þegar skjávarpi eða önnur myndræn viðfangsefni koma við sögu á viðburði.

